

Knattspyrnufélag ÍA
Ársreikningur
2019

Knattspyrnufélag ÍA
Íþróttamiðstöðinni Jaðarbökkum
300 Akranesi

Kt. 500487-1279

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra og stjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra og stjórnar

Tilgangur Knattspyrnufélags ÍA er rekstur meistaraflokks og 2. til 8. flokks ÍA í knattspyrnu, kaup og sala leikmanna, auglýsinga- og kynningarstarf, minjagripasala, sjónvarpsstarfsemi og ýmislegt annað er tengist rekstri félagsins. Markmið félagsins er að búa til hæfileikaríkt knattspyrnufólk fyrir meistaraflokka félagsins, í karla- og kvennaflokki.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins 62,8 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 4,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Akranes 18. febrúar 2020

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins ÍA.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnufélagið ÍA („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Abyrgð endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavíkl, 18. febrúar 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|-----------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Framlög og styrkir | | 79.524.697 | 90.533.023 |
| Tekjur af mótum | | 30.790.486 | 32.094.232 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 87.804.321 | 130.439.561 |
| | 2 | <u>198.119.504</u> | <u>253.066.816</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 61.414.922 | 51.914.837 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | 6.382.322 | 8.589.587 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 178.533.472 | 144.597.497 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | | 10.946.667 | 0 |
| Afskriftir yfirverðs leikmanna | 8 | 2.620.000 | 400.000 |
| Afskriftir | 4,9 | 37.596 | 46.995 |
| | | <u>259.934.979</u> | <u>205.548.916</u> |
| (Tap) hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsliði | | (61.815.475) | 47.517.900 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 113.669 | 171.266 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (701.844) | (571.272) |
| Gengismunur | | (397.484) | 244.134 |
| | | <u>(985.659)</u> | <u>(155.872)</u> |
| (Tap) hagnaður ársins | 10 | <u>(62.801.134)</u> | <u>47.362.028</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Verðgildi leikmanna | 3,8 | 9.680.000 | 9.500.000 |
| Rekstrarfjármunir | 4,9 | 150.385 | 187.981 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>9.830.385</u> | <u>9.687.981</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 5.950.824 | 41.675.902 |
| Handbært fé | 5 | 653.340 | 21.255.121 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>6.604.164</u> | <u>62.931.023</u> |
| Eignir samtals | | <u>16.434.549</u> | <u>72.619.004</u> |
| Eigið fé | | | |
| Endurmatsreikningur..... | | 5.800.000 | 6.100.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | (1.597.060) | 61.204.074 |
| Eigið fé samtals | 10 | <u>4.202.940</u> | <u>67.304.074</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 3.216.815 | 3.428.605 |
| Skuldir við tengdan aðila | | 5.000.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 4.014.794 | 1.886.325 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>12.231.609</u> | <u>5.314.930</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>16.434.549</u> | <u>72.619.004</u> |

Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|----------------|----------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| (Tap) hagnaður ársins | 10 | (62.801.134) | 47.362.028 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður | | (9.413.000) | (22.232.000) |
| Afskriftir | 8,9 | 2.657.596 | 446.995 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | (69.556.538) | 25.577.023 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 35.725.078 | (24.416.306) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 6.916.679 | (2.460.475) |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | 42.641.757 | (26.876.781) |
| Handbært fé til rekstrar | | (26.914.781) | (1.299.758) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð leikmanna | | (3.200.000) | (4.000.000) |
| Söluverð leikmanna | | 9.513.000 | 22.432.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 6.313.000 | 18.432.000 |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé | | (20.601.781) | 17.132.242 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 21.255.121 | 4.122.879 |
| Handbært fé í árslok | | 653.340 | 21.255.121 |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnufélagsins ÍA er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú afskrift færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár, sbr. skýringu 9.

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

5. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

6. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2019 | 2018 |
|---|------------|------------|
| Laun | 49.757.012 | 41.252.066 |
| Launatengd gjöld | 9.890.410 | 8.125.771 |
| Bifreiðastyrkir | 1.767.500 | 2.537.000 |
| Samtals laun og launatengd gjöld | 61.414.922 | 51.914.837 |
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali | 8 | 7 |

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|-------------|-------------|
| Verktakagreiðslur, afreksstyrkir og hlunnindi leikmanna | 71.018.287 | 47.606.667 |
| Annað vegna starfsmanna | 8.011.525 | 11.064.418 |
| Búningar og ýmiss aðbúnaður | 9.371.415 | 3.947.527 |
| Norðurálsmótið | 13.491.398 | 13.895.794 |
| Annað vegna þjálfara, leikmanna, afrekshópa og iðkenda | 12.684.889 | 12.144.299 |
| Annar kostnaður | 63.955.958 | 55.938.792 |
| Samtals annar rekstrarkostnaður | 178.533.472 | 144.597.497 |

Skýringar frh:

8. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

| | |
|--------------------------------------|------------------|
| Kaupverð 1.1.2019 | 3.400.000 |
| Kaup ársins | 3.200.000 |
| Afskriftir á árinu | (2.620.000) |
| Kaupverð 31.12.2019 | <u>3.980.000</u> |
| | |
| Endurmat 1.1.2019 | 6.100.000 |
| Sala ársins | (100.000) |
| Matsbreyting leikmanna á árinu | (300.000) |
| Endurmat 31.12.2019 | <u>5.700.000</u> |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2019 | <u>9.680.000</u> |

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | |
|-------------------------------|----------------|
| Bókfært verð 1.1.2018 | 234.976 |
| Afskrifað á árinu | (46.995) |
| Bókfært verð 31.12.2018 | <u>187.981</u> |
| | |
| Bókfært verð 1.1.2019 | 187.981 |
| Afskrifað á árinu | (37.596) |
| Bókfært verð 31.12.2019 | <u>150.385</u> |

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Endurmat | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---------------------------|------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1.1. 2019 | 6.100.000 | 61.204.074 | 67.304.074 |
| Endurmat ársins | (300.000) | | (300.000) |
| Tap ársins | | (62.801.134) | (62.801.134) |
| Eigið fé 31.12.2019 | <u>5.800.000</u> | <u>(1.597.060)</u> | <u>4.202.940</u> |